

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS MÝRDALSHREPPUR, UXAFÓTARLÆKUR

Dagsetning	17.08.2011	Fulltrúi UST	Sigrún
Fyrirtæki	Mýrdalspreppur	Guðmundsdóttir	
Heimilisfang	Mýrarbraut 13 870 Vík	Starfsleyfi, gildir til	1.6.2026
Kennitala	461283-0399	Tegund eftirlits	Reglubundið
Isat nr.	38.21.0	Fulltrúar rekstraraðila	Bragi Jónsson og Ásgeir Magnússon
Starfsemi	urðun óvirks úrgangs (að mestu) og seyru	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	63°25,269N, 18°57,172W

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerðar eru þrjár athugasemdir og þrjú frávík staðfest. Frávikin varða að urðunarsvæði eru ógirt og viðbragðs- og neyðaráætlanir voru ekki aðgengilegar við eftirlit. Athugasemdir voru gerðar vegna malbiksúrgangs á norðursvæði og óhreininda á suðursvæði. Þá er gerð athugasemd vegna vatns í nýtekinni gryfju á suðursvæði, en ekki skal urða úrgang neðan grunnvatnsborðs. Minnt var á viðbrögð við olíuleka í jarðveg og nauðsyn þess að fylgst sé með urðunarstaðnum.

UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var samráðsfundur með Birgi Þórðarsyni Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Farið var yfir úrgangsmál hjá sveitarfélaginu almennt, ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs og helstu viðbrögð við olíumengun jarðvegs. Urðunarstaður var skoðaður með Braga Jónssyni umsjónarmanni staðarins og Birgi Þórðarsyni.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Neyðaráætlun var ekki tiltæk við eftirlit.

Fráviki frá: Samkvæmt ákvæði 1.7. í starfsleyfi skal neyðaráætlun vera fyrir hendi á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

Frávik 2:

Viðbragðsáætlun var ekki aðgengileg eftirlitsaðila við eftirlit.

Frávik frá: Samkvæmt ákv. 2.4 í starfsleyfi skal viðbragðsáætlun aðgengileg við eftirlit.

Frávik 3:

Urðunarsvæðin höfðu enn ekki verið girt. Í kjölfar síðasta eftirlits gaf Umhverfisstofnun frest til 30.6.2011 til að ljúka girðingarvinnu á svæðunum. Við eftirlit nú, var hluti girðingarefnis komið á svæðið en girðingar höfðu ekki verið reistar.

Fráviki frá: Ákvæði 2.1 í starfsleyfi en samkvæmt því skulu urðunarsvæðin girt.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila 17.1.2012 hafa svæðin nú verið girt.

Athugasemd 1:

Nokkuð var af malbiki á urðunarstað (norðanmegin). Urðun malbiks er ekki heimil á urðunarstaðnum nema að sýnt hafi verið fram á að malbikið standist útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang, sjá lið 2.1.2. í II. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Athugasemd 2:

Eitthvað (ekki mikið) var af ókennilegum úrgangi/óhreinindum (væntanlega úr seyru) á syðra urðunarsvæði, sem líklega hefur orðið eftir við losun seyru á staðnum. Best fer á því að huga vel að snyrtimennsku og að seyra dreifist ekki á yfirborði staðarins við losun.

Athugasemd 3:

Vatn var í nýtekinni gryfju. Gæta þarf að því að seyra sé ekki losuð í grunnvatn sjá ákv. 3.2 í starfsleyfi.



Önnur atriði:

Í eftirlitinu var minnt á nauðsyn þess að fylgst sé með urðunarstaðnum (sjá ákv. 4.1 í starfsleyfi).

Upplýsingar um viðbrögð vegna olíumengaðs jarðvegs má finna:
http://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/urgangur/olimengadur_urgangur_medferd_1998.pdf

Verið er að íhuga hvort heppilegra sé að hætta urðun á nyrðra svæðinu. Umhverfisstofnun vill hvetja rekstraraðila til að taka ákvörðun um það og tilkynna hana stofnuninni sem fyrst. Í þessu sambandi er vert að hafa ákvæði 1.4 og 1.5 í starfsleyfi í huga.

Reykjavík, 23.1.2012

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.